



## Reglur um niðurgreiðslur vegna daggæslu barna utan leikskóla.

### 1) Réttur til niðurgreiðslu.

Foreldrar allra barna sem dvelja hjá dagforeldrum og eiga lögheimili í Bolungarvík eiga rétt á niðurgreiðslu dvalargjalds frá hámarksrétti fæðingarorlofs þar til leikskólaláss býðst.

Hámarksréttur fæðingarorlofs er 9 mánuðir fyrir hjón og sambúðarfólk og 6 mánuðir fyrir einstætt foreldri.

### 2) Upphæð niðurgreiðslu.

Daggæslugjöld eru greidd niður í allt að 11 mánuði hvert ár.

Um tvo niðurgreiðsluflokka er að ræða:

**Flokkur A - Hjón: kr. 2.200,- á hverja gæslustund pr. dag.**

**Flokkur B einstæðir foreldrar: kr. 2.700,- á hverja gæslustund pr. dag.**

Þannig er heildarniðurgreiðsla mánaðarins fyrir hjón með eitt barn í 8 stunda vistun hvern dag samtals  $8 \times 2.200 = 17.600$  krónur, en fyrir einstæða foreldra 21.600 krónur.

### 3) Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:

- Að dagforeldri hafi leyfi yfirvalda til daggæslu í því húsnæði sem um ræðir.
- Hafni foreldrar af einhverjum ástæðum leikskólalássi falla greiðslur niður.

### 4) Afsláttur vegna daggæslu í húsnæði í Lambhaga sem leigt verður dagmæðrum fyrir starfsemi sína.

Sömu reglur gilda varðandi niðurgreiðslu daggæslugjalda og í 2) hér að ofan

### 5) Systkinaafsláttur.

Systkinaafsláttur er 35% fyrir annað barn en gjaldfrjálst er fyrir þriðja barn. Afslátturinn er samtengdur milli daggæslu hjá viðurkenndum dagmæðrum, leikskóla og heilsdagsskóla. Afslátturinn reiknast þannig að yngsta barn greiðir fullt grunngjald, 35% afsláttur af grunngjaldi er fyrir annað barn og ekkert grunngjald greiðist fyrir þriðja barn. ystkinaafsláttur er samtengdur milli daggæslu, leikskóla og /eða skóladagvistunar.

### 6) Útborgun afsláttar.

Framvísa þarf kvittun frá viðkomandi dagforeldri, staðfest af foreldri á skrifstofu bæjarsjóðs Bolungarvíkur, innan mánaðar frá því að greiðsla fer fram, til að fá endurgreitt.

**Reglurnar gilda frá 1. mars 2009**